

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 2/1978 til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. apríl 1978.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

28. mars 1978.

Nr. 165.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga
á lyfjakostnaði nr. 107 30. maí 1974.**

1. gr.

Stafliðir b og f í 1. tölulið 2. gr. orðist svo:

b. Gláka	45. flokkur E
	2. flokkur D
f. Hjartasjúkdómar	14. flokkur A, B og D
	31. flokkur A, B ₁ og B ₂
	og L.

2. gr.

Við 2. tölulið 2. gr. bætist eftirfarandi stafliður:

f. Hjartaangarlyf (angina pectoris) og hjartsláttar- truflanir	14. flokkur C
	31. flokkur B ₃

3. gr.

3. töluliður 4. gr. orðist svo:

3. Lyf sem talin eru til 1. flokks A,B,D,F,H og K—Q í ritinu „Lyf á Íslandi“ að undanteknum stungulyfjum, sem greiðast skv. ákvæðum 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og öðlast gildi 15. apríl 1978.

Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 28. mars 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

3. apríl 1978.

Nr. 166.

REGLUGERÐ

um lágmarksmöskvastærð loðnunóta.

1. gr.

Lágmarksmöskvastærð loðnunóta, sem heimilt er að nota, skal vera 19,6 mm.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, sem er 19,6 mm breið og 2 mm þykk, komist auðveldlega í gegnum möskvann, þegar netið er vott.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að mál.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. apríl 1978.

Matthías Bjarnason.

Pórrur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða í Reykjavík
nr. 166/1972.**

1. gr.

1. málsg. 4. gr reglugerðarinnar orðist svo:

Taka skal sérstakt afgreiðslugjald kr. 250, söluskattur innifalinn, fyrir að afgreiða hvern einstakling á næturvörslu (þ. e. á tímabilinu kl. 22—9 eða 10 eftir því sem við á).

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 38. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast gildi 15. apríl 1978.

Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 28. mars 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 377 28. október 1977
með síðari breytingum.**

Í kafla I Smásala í gjaldskránni breytast eftirfarandi gjaldskrárliðir:

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl. hljóði þannig:

2.1. Fast gjald	kr. F1+F3
Orkugjald	— 23.50 á kWst.
Markmæling:	
2.3. Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	— 123 635. á ári
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksafllstillingu 20 kW	— 16 740.00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun	— 3.77 á kWst.
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	— 23.50 á kWst.